

ÞINGGERÐ

9. ársþing Kraftlyftingasambands Íslands var haldið að Engjavegi 4, Reykjavík laugardaginn 23.febrúar 2019 kl. 14.00

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins

Hulda Elsa Björgvinsdóttir, formaður KRAFT, setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

Hún lýsti yfir lögmæti þingsins, en 1.þingboð var sent 16.janúar og 2.þingboð 9.febrúar

Hulda veitti síðan viðurkenningar fyrir afrek 2018, en þær hlutu

Hulda B Waage Kraftlyftingakona ársins

Júlían J K Jóhansson Kraftlyftingakarl ársins

KFA Stigahæsta lið í kvennaflokki

KFA. Stigahæsta lið í karlaflokki

2. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd.

Lögð var fram tillaga um að Erla Kristin Árnadóttir, Aron Teitsson og Guðbrandur Sigurðsson tækju sæti í kjörbréfanefnd og var hún samþykkt. Nefndin tók til starfa.

3. Kosning þingforseta og varaþingforseta.

Lögð var fram tillaga um Valdimar Leó Friðriksson sem þingforseti og Sigurjón Pétursson til vara. Tillagan var samþykkt. Valdimar Leó þakkaði traustið og tók við stjórn þingsins.

4. Kosning þingritara og varaþingritara.

Lögð var fram tillaga um Gry Ek Gunnarsson sem þingritara og Þórunn Lilja Vilbergsdóttir til vara. Það var samþykkt

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram.

Þinggerðin hefur legið frammi á heimasíðu KRAFT undir liðnum fundargerðir í heilt ár og var ekki talin ástæða til að leggja hana fram á þinginu. Engar athugasemdir bárust.

6. Ávörp gesta.

Þingforseti ákvað að fresta þessum lið þangað til búið væri að flytja skýrslu og leggja fram reikninga ársins. Engar athugasemdir komu fram.

7. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt.

Send voru út kjörbréf fyrir samtals 73 atkvæði til 21 félags og 15 héraðssambanda/íþróttabandalaga.

Kjörbréfanefnd barst kjörbréf frá 13 félögum og 4 héraðssamböndum og voru þau öll gild.

Á þinginu voru 40 atkvæðabærir fulltrúar. Yfirlit er í VIÐAUKA 1 við þinggerð. Hreinn meirihluti atkvæða var 21 atkvæði og 2/3 var 27 atkvæði.

Engar athugasemdir voru gerðar við álit kjörbréfanefndar og voru atkvæðaseðlar og kjörseðlar úthlutaðir í samræmi við þetta

8. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins.

Þessar tillögur voru lagðar fram:

Fjárhagsnefnd: Alex Orrason, Erla Kristín Árnadóttir, Lára Bogey Finnbjarnadóttir
Laganefnd: Sigurjón Pétursson, Ása Ólafsdóttir, Þórunn L Vilbergsdóttir
Allsherjarnefnd: Auðunn Jónsson, Ingimundur Björgvinsson, Grétar Skúli Gunnarsson

Þingforseti lýsti eftir öðrum tillögum. Engar bárust. Tillögurnar voru samþykktar.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Hulda Elsa Björgvinsdóttir, formaður KRAFT flutti skýrslu stjórnar. Hún stiklaði á stóru, en skýrslan er aðgengileg á vef sambandsins og í VIÐAUKA 2 við þinggerð.

10. Lagður fram endurskoðaður ársreikningur KRAFT.

Alex Cambray Alex Orrason gjaldkeri lagði fram ársreikning og skýrði og er hann aðgengilegur á kraft.is.

Rekstrartekjur: 23.787.454 ISK

Rekstrargjöld: 26.315.968 ISK

Tap ársins eftir fjármagnsliði: 2.528.514 ISK

Skuldir og eigið fé: 10.731.315 ISK

11. Umræður um reikninga og skýrslu stjórnar og reikningar bornir undir atkvæði.

Þingforseti bauð upp á umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Nokkrar spurningar voru bornar fram um einstaka kostnaðarliði og svaraði gjaldkeri. Reikningar voru bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

12. Ávarp gesta

Garðar Svansson sem á sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ var gestur fundarins og gaf þingforseti honum orðið.

Garðar þakkaði fyrir tækifærið til að ávarpa þingið og flutti kveðju frá Lárusi Blöndal,

forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn.

Hann óskaði sambandinu til hamingju með glæsileg og eftirtektarverð afrek á árinu. Hann lýsti ánægju sinni með stöðu KRAFT sem hreint íþróttasamband og skýra afstöðu þess gegn notkun ólöglegra efna.

Garðar sagðist skilja erfiða fjárhagsstöðu sérsambanda en hefði viljað sjá útkomuna réttu megin við strikið. Hann benti í því sambandi þingfulltrúa á að kynna sér vel styrkjasjóði ÍSÍ. Hann lagði áherslu á nauðsyn þess að sambönd réðu til sín starfsmann og minnti menn á að nú er tími skýrsluskila og skil til ÍSÍ fara fram gegnum Felix.

Garðar endurtók hamingjuóskir sínar og ÍSÍ fyrir árangur ársins 2018 og óskaði þingfulltrúum góðs gengis við þingstörfin.

13. Fjárhagsáætlun KRA fyrir næsta starfsár.

Alex kynnti fjárhagsáætlun næsta árs og svaraði spurningum. Fjárhagsáætlun er í VIÐAUKA 3 við þinggerð.

Gert er ráð fyrir

26.100.000 ISK í tekjum og gjöldum 28.294.392 ISK
Fjárhagsáætlun var borin upp og samþykkt samhljóða.

14. Lagabreytingar.

Stjórn lagði fram tillögu að nýjum heildarlögum fyrir sambandið.

Tillagan er í VIÐAUKA 4 við þinggerð

Ása Ólafsdóttir gerði grein fyrir tillögunum og helstu breytingum.

- 1. Skerpt á hlutverki KRAFT og það sett í betra samhengi við reglur IPF. Framsetning skýrari. Þá er lögð til skarpari tenging við lyfjaeftirlit WADA og lyfjareglur IPF. Skerpt á því að ákvarðanir stjórnar KRAFT verði ætíð teknar á grundvelli þeirra meginreglna sem gilda um íþróttalegt starf og er að finna í reglum ÍSÍ og IPF, og eiga þær að vera kraftlyftingum til framdráttar.*
- 2. Hlutverk stjórnar er skýrt nánar. Gert ráð fyrir starfi nýs íþróttastjóra, til samræmis við nýja reglugerð ÍSÍ um afrekssjóð.*
- 3. Boðun til kraftlyftingaþings skýrð nánar og gerð tillaga um að því verði seinkað til 1. apríl. Mörg sérsambanda ÍSÍ hafa ársþing sín jafnvel síðar. Sum hafa þau einungis á tveggja ára fresti, sbr. gr. 48.2 í lögum ÍSÍ. Ástæðan breytingartillögu er að oft getur verið tímafrekt að fá endurskoðaða reikninga sem og önnur gögn tilbúin í tæka tíð til útsendingar. Þá hafa komið upp tilvik þar sem ófærð hefur hamlað þingsókn, en það ætti að vera minni hættu á því ef kostur er að hafa þingið í mars.*
- 4. Lagt er til að reglum um rétt til þingsetu verði breytt og tengt við að þeir sem sækja þing hafi íþróttalega hagsmuni af þingsetu. Um þetta vísast til gr. 48.3. í lögum ÍSÍ þar sem val fulltrúa fer eftir- fjölda iðkenda, félaga eða keppenda, eða eftir annarri aðferð sem viðkomandi sérsamband ákveður. Aðalreglan er miðuð við iðkendur félaga sem eru með fimm eða fleiri iðkendur skráða. Skýrt er áréttað að þar er miðað við þann fjölda sem er skráður í Felix-kerfið 1. janúar það ár sem kraftlyftingaþing er haldið. Ef fjórir eða færri iðkendur eru í félagi, fá fæst þó þingréttur ef keppt hefur verið af hálfu*

félagsins, samkvæmt fyrirhuguðum reglum. Þá er lagt til að héraðssamböndum og íþróttabandalögum verði ekki lengur veittur atkvæðisréttur á kraftlyftingaþingi, en þau hafa þar áheyrnarrétt.

5. Skýrðar eru nánar reglur um dagskrá kraftlyftingaþings. Rétt er að vekja athygli á því að nú er gert ráð fyrir að kosnir verði sérstaklega formenn fastaefnda KRAFT á þinginu.

6. Reglur um kosningar til stjórnar eru skýrðar nánar, og skýrt áréttað að um einstaklingskosningu er að ræða, en ekki listakosningu. Uppstillingarnefnd er skipuð í upphafi þings.

7. Hlutverk stjórnar KRAFT skýrt nánar og áréttáðar þær skyldur sem hvíla á stjórn félagsins sem og þær skyldur sem fram koma í lögum ÍSÍ, m.a. um að innan hreyfingarinnar starfi ekki þeir sem gerst hafa brotlegir við kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga, sbr. gr. 5a í lögum ÍSÍ.

8. Fastanefndum KRAFT er fækkað. Læknanefnd felld út og hlutverk búninganefndar er fært til afreksnefndnar (landslíðsnefndar). Fræðslu- og útbreiðslunefnd felld niður og hlutverk hennar fært undir stjórn KRAFT. Stjórnin getur þó alltaf sett upp stjórn til að vinna að tilteknu verkefni, og því gæti stjórnin ákveðið að gera tímabundin átaksverkefni á þessu sviði.

9. Þá er gerð tillaga um að aganefnd verði felld niður og að meðferð deilumála verði færð undir dómstóla ÍSÍ.

10. Reglur um formannafundi eru settar inn í lögin. Gert ráð fyrir einum formannafundi á ári.

Þingforseti bauð upp á umræður um tillöguna

Um 1.grein

Stjórn lagði fyrir þingið tillögu um að breyta einkennismerki sambandsins, en slík breyting myndi kalla á breytingu 1.grein laga

Gry Ek mælti fyrir tillögunni og lagði fram tvær útgáfur af nýju merki en tillögurnar höfðu verið kynntar með seinna fundarboði.

Nokkur umræða var um málið og kom fram svohljóðandi tillaga frá Guðjóni Hafliðasyni:

Ég legg til að unnið verði að tillögu að kynjalausri útgáfu (breytingu) á núverandi merki fyrir næsta þing.

Tillagan var borin upp og felld með 22 atkvæðum gegn 10.

Nú bar þingforseti upp spurninguna hvort þingið vilji taka upp nýtt merki og gera breytingu á 1.grein laga

Atkvæði féllu 16 – 14 og verður því engin breyting gerð þar sem lagabreyting kallar á 2/3 hluta atkvæða

Um 9.grein

Miklar umræður urðu um 9.grein og voru lagðar fram tvær breytingartillögur við tillögu stjórnar .

Breytingartillaga frá Grétari Skúla Gunnarssyni:

9. gr. Réttur til þingsetu

Kraftlyftingaping sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum KRAFT.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda skráðra iðkenda á vegum KRAFT í Felix 1.janúar ar það ár sem kraftlyftingaping er haldið, þannig að:

1. fyrir 5 til 50 iðkendur eru tveir fulltrúar
2. fyrir 50 til 125 iðkendur eru þrír fulltrúar
3. fyrir 125 til 200 iðkendur eru fjórir fulltrúar
4. fyrir 200 iðkendur eða fleiri eru fimm fulltrúar.

~~Séu færri en fimm skráðir iðkendur í félagi, skal félag þó hafa rétt til þingsetu og einn fulltrúa hafi einn iðkandi tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á næstliðnu almanaksári, en tvo fulltrúa hafi tveir eða fleiri skráðir iðkendur tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á sama tímabili.~~

Skal félag hafa rétt til þingsetu hafi tveir iðkendur tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á almanaksárinu á undan.

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag á rétt einum áheyrnarfulltrúa. Fulltrúar þeirra geta með samþykki viðkomandi félags tekið sér einn fulltrúa af þeim fulltrúafjölda sem til héraðsins reiknast.

Á kraftlyftingapingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt en þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við KRAFT og hafa skilað ársskýrslu til ÍSÍ og KRAFT.

Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem KRAFT sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Stjórnarmaður KRAFT má sitja sem þingfulltrúi síns félags með atkvæðisrétt.

Atkvæði eru greidd með þar til gerðum spjöldum sem kjörbréfanefnd afhendir kjörnum fulltrúum sem fara með atkvæðisrétt. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis.

Á kraftlyftingapingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a. stjórn KRAFT
- b. endurskoðendur reikninga KRAFT
- c. framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d. starfsmaður og íþróttastjóri KRAFT sem og fulltrúar ÍSÍ
- e. fyrrverandi formenn KRAFT
- f. allir nefndarmenn fastanefnda KRAFT
- h. auk þess getur stjórn KRAFT boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

Tillagan var borin undir atkvæði og felld

Breytingartillaga frá stjórn:

9. gr. Réttur til þingsetu

Kraftlyftingaping sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum KRAFT.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda skráðra iðkenda á vegum KRAFT í Felix 1.janúar ar það ár sem kraftlyftingaping er haldið, þannig að:

1. fyrir 5 til 50 iðkendur eru tveir fulltrúar
2. fyrir 50 til 125 iðkendur eru þrír fulltrúar
3. fyrir 125 til 200 iðkendur eru fjórir fulltrúar
4. fyrir 200 iðkendur eða fleiri eru fimm fulltrúar.

1. fyrir 5 til 50 iðkendur eru tveir fulltrúar
2. fyrir 51 til 125 iðkendur eru þrír fulltrúar
3. fyrir 126 til 200 iðkendur eru fjórir fulltrúar
4. fyrir 201 iðkendur eða fleiri eru fimm fulltrúar

Séu færri en fimm skráðir iðkendur í félagi, skal félag þó hafa rétt til þingsetu og einn fulltrúa hafi einn iðkandi tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á næstliðnu almanaksári, en tvo fulltrúa hafi tveir eða fleiri skráðir iðkendur tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á sama tímabili.

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag á rétt einum áheyrnarfulltrúa. Fulltrúar þeirra geta með samþykki viðkomandi félags tekið sér einn fulltrúa af þeim fulltrúafjölda sem til héraðsins reiknast. Á kraftlyftingapingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt en þó eingöngu fulltrúar aðildarféлага og sambandsaðila sem eru skuldlausir við KRAFT og hafa skilað ársskýrslu til ÍSÍ og KRAFT. Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem KRAFT sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Stjórnarmaður KRAFT má sitja sem þingfulltrúi síns félags með atkvæðisrétt. Atkvæði eru greidd með þar til gerðum spjöldum sem kjörbréfanefnd afhendir kjörnum fulltrúum sem fara með atkvæðisrétt. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Á kraftlyftingapingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- stjórn KRAFT
- endurskoðendur reikninga KRAFT
- framkvæmdastjórn ÍSÍ
- starfsmaður og íþróttastjóri KRAFT sem og fulltrúar ÍSÍ
- fyrirverandi formenn KRAFT
- allir nefndarmenn fastanefnda KRAFT
- auk þess getur stjórn KRAFT boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

Tillagan var borin upp og samþykkt.

Um 19.grein og 28.grein

Sturla Ólafsson lagði fram breytingartillögu sem átti við 19.grein og 28.grein

Aganefnd verður áfram í óbreyttri mynd í samræmi við eldri lög KRAFT.

Tillagan var borin undir atkvæði og felld með 17 atkvæðum gegn 10

Þingforseti bar nú upp tillögu stjórnar með áorðinni breytingu:

Lagt er til að kraftlyftingaping samþykki meðfylgjandi lög sem ný lög KRAFT. Í tillögunni felst að þau komi að öllu leyti í stað laga KRAFT frá 15. apríl 2010, með áorðnum breytingum.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

15. Aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa stjórn KRAFT tekin til umræðu.

Fulltrúar Akraness báðu um að 16. liður yrði tekinn næst. Þingforseti varð við þeirri beiðni og lagði til að liður 15 yrði tekinn samhliða lið 19. önnur mál.

Enginn mótmælti því.

16. Kosning formanns og stjórnar.

Samkvæmt lögum KRAFT skal fyrst kjósa formann sérstaklega til eins ár.

Tveir frambjóðendur voru í kjöri, Grétar Skúli Gunnarsson, KFA og Gry Ek Gunnarsson, ÁRM

Þingforseti bauð þeim að taka til máls og kynntu þau sig og sínar áherslur.

Svo var gengið til kosninga.

Atkvæði féllu þannig

Grétar Skuli: 11 atkvæði

Gry: 29 atkvæði

Þingforseti lýsti Gry Ek Gunnarsson réttkjörinn formaður KRAFT.

Svo átti að kjósa um þrjú stjórnarsæti.

Þrjú buðu sig fram, Auðunn Jónsson, Breiðabliki, Inga María Henningsdóttir, Massa og Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, Ármanni og voru þau sjálfkjörin.

17. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Engar tillögur bárust þingnefndum

18. Ákveða þátttökugjöld í Íslands-og bikarmótum næsta keppnistímabils.

Alex Orrason gjaldkeri lagði fram tillögu stjórnar um að gjaldið hækki í 7000 kr (úr 6500) fyrir þríþrautarmót og í 5500 (úr 5000) fyrir keppni í stakri grein.

Umræður urðu um ákvæði sem er í gildi um að 1000 kr af hverju gjaldi skuli eyrnamerkt unglिंगastarfi. Alex sagði að misbrestur hefði orðið á framkvæmd en að þessu ákvæði yrði fylgt betur eftir framvegis. Þingið féllst á það og var tillaga stjórnar samþykkt samhljóða.

19. Önnur mál.

Þrjú erindi höfðu borist stjórn fyrir þingið og voru þau send út með seinna fundarboði.

Grétar Skúli Gunnarsson – KFA

Sæl hef 2 tilögur á umræðuefni á aðalþinginu:

1. Breyting á keppnisgjöldum - sambandið rukki inn lísens gjald á hverju ári. Gjaldið innifelur keppnisgjöld á öllum mótum á vegum sambandsins og notuð til að borga tryggingar, kostnað á framkvæmd og uppbyggingu á keppnisinnviðum fyrir kraftlyftingar á Íslandi. Sambærilegt fyrirkomulag er á nágranalöndunum og ýmsum öðrum löndum í heiminum. Held að ef sambandið tekur inná sig framkvæmdarvald á öllum meistaramótum er hægt að búa til öflugri innviði innan sambandsins og félögunum á Ísland.

Ýmis félög hafa tækji og búnað nú þegar til að halda flott mót og geta þau þá unnið fyrir sambandið eða fengið úthlutuð mót. Með þessum hætti er hægt að gera árlega fjárhagsáætlun fyrir öll meistaramót eftir áætlun um hversu margir eru að fara borga þessi lísens. Sama skapi skapar þetta skýrari mynd á fjölgun iðkenda sem eru að keppa osfv.

Dæmi:

Keppendalísens = 25,000 kr

2. Vill einnig taka umræðu um alþjóðlegt lísens fyrir sambandið. Hvort það sé hægt að gera þetta á sama skapi fyrir það. Augljóst að það verði ekki eins mikið af

peningum milli handana hjá sambandinu eftir að það var lækkað um þrep. Úr afreksambandi í alþjóðlegtsamband.

Með sama hætti er hægt að búa til þrepaskiptan kostnað landsliðsmanna eftir því hvaða flokkun þeir eru í. Samsvarandi kostnaður afreksmanns til að taka þátt í alþjóðlegum mótum á árinu. Afreksmenn og sambandið hafa þá frekar skýrt að þeir verði að safna ákveðinni upphæð til að vera gjaldgengir að keppa með landsliðinu. Held þetta gæti verið góð fjáröflun og oft sýnt sig að afreksmenn og félög þeirra eiga oft auðvelt með að safna styrkjum til að standa undir slíkum kostnaði.

dæmi:

A = 400,000 kr

B = 200,000 kr

C = 100,000 kr

Þingforseti bauð Grétari Skúla að gera grein fyrir máli sínu, en hann afþakkaði og dró erindið tilbaka.

Aðalsteinn Grétar Guðmundsson – KDK

Samkvæmt 10. grein úr lögum Kraft:

"Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn KRA minnst 21 degi fyrir þingið"

Óska ég hér með eftir að tvö mál verði tekin fyrir og rædd sérstaklega á 9. þingi Kraftlyftingasambands Íslands:

1) Breyttar reglur um atkvæðarétt og rétt til þingsetu á þingum Krafts.

Þá sérstaklega að ræða skilgreininguna á "iðkandi", þegar X margir iðkendur gefa X mörg atkvæði á aðalfundi.

Svo ég útskýri það enn frekar: Hvers vegna þarf félag með 4 iðkendur (sem eru kannski allir fjórir að keppa reglulega) að skila af sér virkum keppendum til að eiga rétt til þingsetu,

á meðan félög með kannski tugi "iðkenda" sem hafa kannski ekki átt keppendur á móti í mörg ár hafa óskertan atkvæðisrétt?

Ég vil að rætt verði á fundinum hvort ekki sé eðlilegra að virk félög hafi atkvæðisrétt á fundinum, frekar en félög sem safna bara kennitölum til að hafa sem flest atkvæði.

Mér finnst allavega eðlilegra að félag með t.d. 5-10 mjög virka keppendur eigi að hafa meira að segja innan Kraft en félag sem sendir aldrei keppendur á mót sambandsins.

2) Dag- og staðsetningar funda (formannafunda, aðalfunda o.s.frv.), nánar tiltekið þá staðreynd að margoft hefur verið rætt um að halda fundi í kringum mót, en svo ekki verið farið eftir því, oft með tilheyrandi óþægindum og auknum tilkostnaði og tímaeyðslu (lesist ferðatími) fyrir landsbyggðina.

Og svo það sé tekið fram að þá þýðir það ekki að það megi ekki halda fundi fyrir sunnan, en hvernig væri þá að halda þá allavega sömu helgi og margir eru kannski að koma langt að til að keppa á móti, frekar en að láta sömu keppendur/fultrúa þurfa að ferðast aftur langa leið viku seinna bara til að komast á fund?

Pingforseti bauð Aðalsteini að taka til máls en hann kaus að gera það ekki.

Þorbergur Guðmundsson – KDH

Pingforseti bauð Þorbergi að flytja mál sitt og bar hann fram eftirfarandi spurningar

1) Gilda mótreglur IPF á innanlandsmótum og ber KRAFT að framfylgja þeim og ef þess gerist þörf að taka á því þegar menn/félög brjóta þær reglur?

Hulda Elsa svaraði f.h. stjórnar að það væri rétt skilið.

Þorbergur Guðmundsson spurði þá af hverju stjórn hefði ekki tekið á reglubroti sem hann hafði tilkynnt um. Í umræðunni kom fram að þessu tiltekna máli hafði verið vísað til dómstóls ÍSÍ.

Sigurjón Pétursson tók til máls og vísaði á þann möguleika að vísa slík mál þangað.

2) Ætlar sú stjórn og formaður sem taka við af þessari sem er að fara, að biðja KDH afsökunar á þeirri meðferð sem KDH hefur þurft að þola af völdum KRAFT, þar sem fráfarandi formaður var í fremstu víglínu keyra það mál í gegn.

Þar sem niðurstaðan skyldi vera sú að okkur skyldi refsað þrátt fyrir að mörg önnur félög höfðu brotið þetta í gegnum tíðina og sambandið líka.

Ætlar sú stjórn sem tekur nú við að sýna þann manndóm að viðurkenna að þarna hafi verið farið of geyst gegn litlu félagi sem var að halda sitt fyrsta mót og biðja okkur afsökunar fyrir syndir fyrri stjórnarmanna

Bæði fráfarandi formaður og nýkjörinn formaður svöruðu þessu neitandi þar sem málið væri endanlega afgreitt af hálfu stjórnar.

Þorbergur tók þá aftur til máls og lýsti þeirri skoðun sinni að stjórnin væri spillt og stjórnarmenn heiglar

3) Ekki finnst mér alveg ljóst hvernig verður rætt um lagabreytingar sem er verið að gera. Þannig að ég vill að hver ein og einasta lagabreyting verði tekinn fyrir á þingu og rædd sérstaklega.

Ef ekki þá vill ég ræða hverja einustu lagabreytingu sjálfur á fundinu

Þorbergur ræddi þetta ekki, enda var búið að afgreiða lagabreytingarnar þegar hér var komið.

4) Síðasta málið og kannski það alvarlegasta er það að sambandið fór fyrir ekki svo löngu uppí A flokk hjá ÍSÍ sem átti að þýða aukið fjármagn og hefði átt að vera gífurleg lyftistöng fyrir sambandið.

En á innan við ári vorum við færð aftur niðrí B samband og gerðust báðir þessir hlutir á vakt fráfarandi formanns og stjórnar.

Þarna tel ég alvarlega vanrækslu átt sér stað, hvort sem þetta stafar af áhugaleysi, vanþekkingu eða getuleysi hjá fráfarandi formanni.

Þá tel ég það rétt að þetta mál verði grandskoðað og fengin verði hlutlaus nefnd til að skera útum það hvort að þessi alvarlegu afgangi í starfi/embætti séu til þess fallinn að ávíta skuli fráfarandi formann og/eða hreinlega að höfða skaðabótamál á hendur honum

Þorbergur lýsti óánægju sína með frammistöðu stjórnar og þeirri skoðun að stjórnin ætti að skammast sín og segja af sér.

Enginn annar tók til máls undir liðnum Önnur mál.

20. Kosning 2 endurskoðenda/skoðunarmanna og 2 til vara.

Lögð var fram eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt samhljóða:

Aðalmenn: Helgi Briem Ármanni og Magnus B Þórðarson, LFH

varamenn: Borghildur Erlingsdóttir Gróttu og Gunnlaug Olsen Massa

21. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga og var hún samþykkt samhljóða:

Stjórn leggur til að fulltrúar KRAFT á íþróttapingi verði formaður, varaformaður og starfsmaður ef hann er kominn til starfa. Varamenn eru ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi.

Þingforseti lýsti því yfir að dagskrá væri tæmd og þingstörfum lokið.

Hann þakkaði fyrir sig og gaf nýkjörnum formanni orðið.

22. Þingslit

Gry tók til máls og þakkaði þingforseta fyrir góða fundarstjórn og þingfulltrúum fyrir góðar umræður og vinnu.

Hún þakkaði fráfarandi stjórn fyrir hennar störf og færði sérstakar þakkir þeim Huldu Elsu Björgvinsdóttur og Erlu Kristínu Árnadóttur sem nú ganga úr stjórn.

Gry óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Hún þakkaði fyrir það traust sem sér hefði verið sýnt og sagðist vænta að sá stuðningur fylgi stjórninni áfram í hennar störfum og að samstarf stjórnar og félaga verði gott og íþróttinni til heilla.

Gry sleit þingi kl. 17.15.

VIÐAUKI 1 - ÞINGFULLTRÚAR

Árman: 3
Akranes: 3
KFA: 5
KFR: 3
LF Hafnarfjarðar: 3
LF Reykjavíkur: 2
KDK: 2
Breiðablik: 2
Massi: 5
Stjarnan: 3
Gróttá: 3
KDH: 1
UMF Austri: 1
IBR: 1
ÍRB: 1
UMSK: 1
ÍA: 1

VIÐAUKI 2 – SKÝRSLA STJÓRNAR

Skýrsla stjórnar flutt á ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands háð þann 23.2.2019 í húsnæði ÍSÍ að Engjavegi 6 í Reykjavík.

Ávarp og inngangur

Ágæta kraftlyftingafólk og þingfulltrúar .

Velkomin til níunda ársþings Kraftlyftingasambands Íslands frá því að það var stofnað þann 15. apríl 2010.

Árið 2018 reyndist afar viðburðarríkt fyrir sambandið. Ráðinn var íþróttastjóri sem tók til starfa í mars og var það lærdómsríkt ferli enda í fyrsta sinn frá upphafi sem sambandið hafði starfsmann í 100% starfi á sínum snærum. Sviptingar áttu sér stað á haustdögum þegar Afrekssjóður tilkynnti sambandinu fyrirvaralaus ákvörðun sína um að færa sambandið úr A-flokki niður í B-flokk. Ákvörðun sem leiddi til óvissu um framtíðartekjumöguleika sambandsins og því tekin ákvörðun um að segja íþróttastjóranum upp störfum. Skýringar Afrekssjóðs um þessa breyttu flokkun voru þær að sjóðurinn taldi A-flokkun gera of miklar kröfur til sambandsins m.a. vegna starfsmannamála og umfang afreksstarfs og því væri rétt að flokka sambandið í B-flokk. Var þó tekið fram að íþróttalegur árangur sambandsins væri afburðagóður.

Samkvæmt nýjustu fréttum um úthlutun sjóðsins má sambandið þó vel við una og þegar málin eru skoðuð heildstætt þá verður líklega mun auðveldara fyrir sambandið að koma til móts við kröfur Afrekssjóðs en áður. Flokkunin gefur sambandinu svigrúm til að móta áherslur sínar í starfsmannamálum og auka umfang afreksstarfs án þess þó að innviðir svigni undan álagi við að koma til móts við kröfur Afrekssjóð.

En þótt ýmsar sviptingar hafi verið í rekstri sambandsins þá héldu konur og menn áfram að vinna glæsileg afrek, innanlands sem utan. Það eru afrekin sem gera okkur að einstæðu sérsambandi, en þessi árangur á sér ekki hliðstæðu fyrir svo lítið samband. Íslendingar eru sterkir, það hefur ekkert breyst. Hápunktur ársins var án efa tilnefning Júlíans J.K. Jóhannssonar sem íþróttamaður ársins, og munaði mjóu að hann yrði fyrir valinu en hann lenti í 2. sæti. Slíkur árangur er ómetanlegur fyrir kraftlyftingar og reyndist Júlían vera frábær talsmaður íþróttarinnar eins góð fyrirmynd og hann er. Á gamlársgang bárust þau dramatísku tíðindi að Júlían væri réttmætur bronshafi á HM þar sem keppinautur hans hafði fallið á lyfjaprófi. Hefðu þessi tíðindi borist aðeins fyrr þá hefðu þau hugsanlega getað haft áhrif á niðurstöðu valsins um íþróttamann ársins. Eftir stendur að lyfjamál eru í brennidepli og mikilvægt að allir þeir sem koma að íþróttinni vinni að því leynt og ljóst að stuðla að heilbrigðri ásýnd íþróttarinnar.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn sambandsins var þannig skipuð á sl. ári.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir formaður

Erla Kristín Arnardóttir varaformaður

Gry Ek Gunnarsson ritari

Alex Cambray Orrason gjaldkeri

Þórunn Lilja Vilbergsdóttir, Aron Friðrik Georgsson og Guðbrandur Sigurðsson meðstjórnendur

Stjórnin hefur haldið 11 bókaða stjórnarfundum og tvo formannafundi frá síðasta kraftlyftingarángi. Auk þess hafa verið haldnir margir minni óskráðir vinnufundir, fundir með ýmsum félagasamtökum og opinberum aðilum s.s. ÍSÍ, afrekssjóði o.fl. svo og fjöldinn allur af símtölum, tölvupóstum og snúningum. Stjórnarmenn hafa lagt fram mikla vinnu og þakkar formaður stjórnarmönnum óeigingjarnt framlag þeirra á árinu.

Félagamál og Felix

Nú eru aðildarfélag Kraftlyftingasambandsins í Felix 21 talsins, og fækkaði þeim því um 3 frá fyrra ári (Snæfell, Zetorar og Víkingar eru óvirkir).

Starfsemin er misgróskumikil í félögunum eins og gengur og aðstæður misjafnar eins og fram kemur í greinunum sem munu halda áfram að birtast á kraft.is. Stjórnin vill eftir sem áður hvetja félög til að hafa samband sín á milli og skoða möguleika á samstarfi, t.d. við mótahald, þjálfun og annað.

Öflugt starf í félögunum er undirstaða starfsins alls.
Þá hvetur stjórnin félög til að sækja um vottun sem fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

Ennfremur að félög skoði að setja sér siðareglur og geri viðbragðsáætlanir sem unnt er að fylgja komi upp mál. Komi mál upp sem erfitt er að leysa þar sem nálægð getur verið mikil innan lítils félags er unnt að leita liðsinnis héraðssambands.

Þá vill stjórn KRAFT vekja athygli á því mikilvæga starfi sem átt hefur sér stað innan íþróttahreyfingarinnar í tengslum við #metoo byltinguna og hvetur aðildarfélög til að kynna sér það efni sem aðgengilegt er á heimasíðu ÍSÍ.

Iðkendur hefur fækkað þó nokkuð, úr 1478 niður í 1195. Skýring er sú félög hafa tekið til á listanum og afskráð iðkendur sem hafa ekki verið virkir.

Mikilvægt er að hafa allar skráningar réttar, enda er enn lítið til þessara skráninga sem mælikvarða þegar lottótekjum er úthlutað.

Mótamál

Mótanefnd starfaði undir forystu Þórunnar Lilju Vilbergsdóttur, en með henni í nefndinni voru Alex Cambray, Ingimundur Björgvinsson og Inga Rós Georgsdóttir.

Mótaskrá 2019 er að finna á heimasíðu KRAFT. Á árinu 2018 var sú nýbreytni tekin upp að halda tveggja daga meistaramót til að koma öllum mótum fyrir á dagatali. Þetta sætti nokkurri gagnrýni og var bent á á síðasta ársþingi að ekki væri heppilegt að sömu keppendur væru að keppa tvo daga í röð. Mótaskráin fyrir 2019 er með svipuðu sniði að því leyttinu að meistaramót eru haldin tvo daga í röð, en skipst er á búnaði og klassík. Tíminn verður að leiða í ljós hvernig þetta gengur upp, en það gefur augaleið að með þessu er ýtt undir að menn þurfi að velja hvaða keppnisgrein þeir hyggjast leggja áherslu á, sá tími virðist liðinn að menn geti tekið þátt í öllum mótum sem í boði eru.

Á mótaskrá 2019 eru 12 mót, sem eru fækkun frá síðasta ári þegar þau voru 14, en árin á undan, þ.e. 2017 og 2016 voru þau 10 talsins og árið 2014 voru þau eingöngu 8.

Einungis 4 félög héldu mót í fyrra. Erfiðlega gekk að finna mótshaldara fyrir árið 2019. Þetta er verulegt áhyggjuefni og þarf að finna farsæla lausn á þessu, en þar hlýtur samvinna að skipta sköpum.

Mótanefndin hefur gert úttekt á þeim mótum sem hafa verið haldin. Niðurstöðurnar eru sendar til mótshaldara sem ábendingar um hvað er hægt að bæta.

Tvö alþjóðleg mót fóru fram á Íslandi 2018, klassískt kraftlyftingamót í tengslum við RIG var haldið í janúar og kepptu 6 konur og 10 karlar. Keppt var á Wilksstigum og var eitt Evrópumet sett þegar Júlían J.K. Jóhannsson lyfti 372,5 kg í réttstöðulyftu. Þá hélt Kraftlyftingafélag Akureyrar glæsilegt Norðurlandamót á Akureyri í september. Á mótinu féllu tvö heimsmet, sjö Evrópumet auk fjölda Norðurlanda- og landsmet.

Agamál og aganefnd

Ekkert mál fór til aganefndar á árinu 2018.

Heimasíða, Facebook og Flickr

Heimasíða sambandsins hélt áfram að gegna sínu lykilhlutverki. Hefur Aron Friðrik aðallega séð um hana og um gagnabankann results.kraft.is og skal hann hafa þakkir fyrir.

Facebooksíða sambandsins er töluvert notuð. Fjöldi mynda er unnt að finna á flickr slóðinni <http://www.flickr.com/photos/kraft2010/sets> en síðan hefur ekki verið uppfærð um skeið.

Styrkjamál

Styrkjamál eru í góðum farvegi, en gott samstarf hefur verið milli stjórnar og Afrekssjóðs og hefur gjaldkeri sambandsins borið hitann og þungann af því starfi og á hann þakkir skildar. Verkefni nýrrar stjórnar verður eftir sem áður að finna hagkvæma lausn á því að afla styrkja annars staðar en frá Afrekssjóði og ÍSÍ. En það er vandkvæðum bundið fyrir sérsambandið að gera það án þess að fara í beina samkeppni við félögin um styrki.

Afreksfólk – Kraflyftingakona og kraflyftingakarl ársins

Kraflyftingamaður og -kona ársins 2018 voru valin þau Hulda B. Waage og Júlían J.K. Jóhannsson.

Tvö alþjóðamet voru sett árinu, fyrrnefndur Júlían bætti heimsmetið í réttstöðulyftu í +120 kg flokki karla. Sólveig Margrét Jónsdóttir bætti Norðurlandametin í hnébeygju, bekkpressu og samanlögðu í +84 kg stúlkna.

Erlend samskipti

Að venju sótti fulltrúi KRAFT ársþing IPF. Ísland á fulltrúa á nokkrum stöðum í alþjóðastarfi. Sigurjón Pétursson er varaforseti IPF, Gry Ek situr í Womens Committee IPF og er jafnframt fulltrúi Íslands í stjórn NPF.

Landsliðsmál og ný lágmark

Mikið starf hefur farið fram við endurskoðun afrekssstefnu og var farið að vinna eftir nýrri stefnu á árinu 2018. Hvort sem sambönd eru flokkuð í A- eða B- flokk er gerður áskilnaður um að hlúð sé að innviðum sambands til greiðslu úr Afrekssjóði, ekki dugar til íþróttafrek þótt meiriháttar séu. Íþróttastjóri starfaði hjá sambandinu lungann af árinu og átti hann þátt í að undirbúa landsliðshópinn sem keppti á Norðurlandamótinu í september.

Afreks ársins á alþjóðlegum meistaramótum í opnum flokki og flokkum ungmenna eru talin upp í lok þessarar skýrslu og eru eftirtektarverð. Samtals unnu íslenskir keppendur 48 (33)? peninga á fjórtán alþjóðlegum mótum. Á árinu 2016 voru peningarnir 29, á árinu 2017 voru þeir 33 talsins og á árinu 2018 voru þeir 48. Þetta er mikil fjölgun á stuttum tíma, en helgast af fjölgun keppenda í unglingsflokki.

Á kraftlyftingabingi 2018 var kosin þriggja manna nefnd sem fékk það hlutverk að gera tillögu að nýjum lágörkum til landsliðsþátttöku. Nefndina skipuðu Ingimundur Björgvinsson, Grétar Skúli Gunnarsson og María Guðsteinsdóttir. Nefndin skilaði tillögum sínum á tilsettum tíma og voru þær ræddar ítarlega á formannafundi um vorið. Stjórn samþykkti ný lágörk sem voru byggð á tillögum nefndarinnar og tóku nýjar reglur gildi 1. janúar 2019, þ.e. fyrir val í landslið 2019. Önnur skilyrði, s.s. fjöldi móta, eru óbreytt. Lágörkin eru reiknuð út frá meðaltali efstu 15 keppenda á heimslista 2017 í hverjum flokki fyrir sig og er sú tala lögð til grundvallar. 100% árangur af grunntölu setur keppanda í afreksmannahóp. 90% gefur þátttökurétt á HM, 85% á EM og 80% á svokölluð C-mót. Er miðað við að grunntala verði uppreiknuð á tveggja ára fresti. Af hálfu stjórnar er nefndarmönnum þökkuð kærlega vel unnin störf.

Fræðslumál

Eitt dómara námskeið var haldið á árinu. Fagteymið fundaði með landsliðsmönnum í tengslum við kynningu á landsliði í lok ársins.

Dómaramál

Einn dómari bættist við dómaraflóruna. Eftir sem áður vill stjórn KRAFT tryggja að dómara haldi sér við, það nýmæli að forskrá dómara hefur gefist nokkuð vel, en betur mál ef duga skal, því enn virðist það vera viðvarandi vandamál að manna mót hvað varðar dómara, menn mega því vera duglegri við að skrá sig.

Lyfjamál

Lyfjamálin eru stöðugt í brennidepli bæði á alþjóðavettvangi svo og hér innanlands. Lyfjaeftirlit ÍSÍ framkvæmdi 9 lyfjapróf á meðlimum KRAFT árið 2018. Sýni voru tekin úr 7 körlum og 2 konum öll utan keppni og reyndust þau öll neiðkvæð.

Lyfjaeftirlitið fær í hendur í upphafi árs lista yfir alla landsliðsmenn, hvenær þeir munu taka þátt í mótum erlendis, æfingastaði, æfingátíma og nafn þjálfara. Samstarfið við lyfjaeftirlitið hefur verið mjög gott, en við höfum fengið ábendingar frá þeim um að tryggja eigi betur aðgengi til lyfjaprófanna á öllum æfingastöðum félaga. Í því felst aðgangur að lokuðum klefa með aðgang að klósetti sem enginn annar kemst í á meðan próf fer fram.

Wada hefur uppfært lista sinn yfir bönnuð efni, en listinn er aðgengilegur á heimasíðu KRAFT.

Reglugerðir og endurskoðun laga KRAFT

Eitt af aðalverkefnum stjórnar er að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt.

Stjórn lagði á það áherslu fyrir síðasta þing að klára yfirferð yfir lög sambandsins og hefur Laganefnd nú skilað til stjórnar tillögum að lagabreytingum sem nú hafa verið lagðar fyrir þingið. Stjórn KRAFT þakkar þeim Ásu Ólafsdóttur og Sigurjóni Péturssyni fyrir vel unnin störf í þágu sambandsins.

Þá hafa ný lágmark verið sett eins og fyrr greinir, bæði í opnum flokki og aldurstengdum flokkum.

Á síðasta þingi IPF voru þó nokkrar breytingar á reglum IPF samþykktar og hafa þær nú verið þýddar á íslensku og er uppfærsla reglnanna fyrir árið 2019 aðgengileg á heimasíðu KRAFT. Wilksstig hafa verið aflögð og IPF formúla tekið við. Þá hefur nýr listi yfir löglegan búnað tekið gildi og keppnisreglur tekið breytingum. Helgi Hauksson sá um að þýða nýju reglurnar og Klaus Jensen sá um að uppfæra gagnabankann með IPF formúlunni og eru þeim báðum þökkuð skjót viðbrögð og vel unnin störf í þágu sambandsins.

Skrifstofa

Skrifstofa sambandsins er í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Gry Ek var ráðinn íþróttastjóri sambandsins þar til Viðar Bjarnason var ráðinn sem íþróttastjóri í mars.

Vegna mikils álags á gjaldkera sambandsins ákvað stjórn sambandsins að greiða honum hæfilega þóknun fyrir störf sín.

Sambandið hefur notið góðs af aðstoð Hildar Erlu Björgvinsdóttur mannauðstjóra við gerð ráðningasamninga auk þess hún veitti sambandinu faglega ráðgjöf og eru hennar færðar þakkir fyrir sitt framlag.

Fjármál

Peningar eru ein af forsendum þess að reka sérsamband innan ÍSÍ með öllum þeim skyldum sem því fylgir svo og umsvifum innanlands og þátttöku á mótum og í alþjóðastarfi á erlendri grundu. Gjaldkeri sambandsins Alex Orrason hefur þar unnið mikið starf á árinu og skal honum þakkað fyrir, en starf gjaldkera felst ekki aðeins í hefðbundnum gjaldkerastörfum svo sem greiðslum og bókhaldi heldur er viðamikill þáttur starfsins umsóknir og uppgjör vegna styrkja t.d. frá afrekssjóði.

Litið um öxl og fram á veginn

Kraftlyftingasamband Íslands er nú að ljúka sínu 9. starfsári.

Verkefni fráfarandi stjórnar var að byggja grunn með nýrri afreksstefnu og mæta kröfum Afrekssjóðs. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut og byggja ofan á grunninn, sem er firnasterkur. Finna þarf öflugt fólk á skrifstofu og í afreksstarfið og leita leiða til að afla tekna án þess þó að skerða tækifæri félaganna til fjáröflunar. Tækifærin eru nú til að efla grasrótina og stuðla að aukinni þátttöku manna í íþróttinni og hlúa sérstaklega að yngstu iðkendunum. Mikilvægt er að menn haldi áfram á sömu braut með samvinnu við mótahald og tel ég að sambandið þurfi að skoða aðkomu sína að mótahaldinu til að létta undir með félögunum.

Afrekin eru vaxandi eins og peningarnir sanna og framtíð kraftlyftingafólks því afar björt.

Ég vil þakka stjórnarmönnum allt þeirra mikla framlag og góða samstarf. Lýk ég nú mínu 2. ári sem formaður sambandsins og er tími til kominn að aðrir taki við forystunni. Ég vil færa persónulegar þakkir til vina minna Ingimundar Björgvinssonar og Erlu Kristínu Árnadóttur sem hafa verið mér til halds og trausts í þessu starfi. Þá vil ég óska verðandi formanni og nýrri stjórn velfarnaðar á komandi stjórnarári. Ykkur þingfulltrúum þakka ég gott hljóð og traust sem mér hefur verið sýnt.

Heildarárangur á alþjóðlegum meistaramótum í opnum flokki og flokkum unglunga og stúlkna/drengja 2018

25(12)gull, 9(8) silfur og 14(13) brons, samtals 48(33) peninga á fjórtán alþjóðlegum mótum á árinu.

Heimsmeistaramót í kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Júlían J. K. Jóhannsson í +120 kg flokki karla

Gullverðlaun í réttstöðlyftu: Júlían J. K. Jóhannsson í +120 kg flokki karla

8.sæti: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki karla

5.sæti: Sóley Margrét Jónsdóttir í -84 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót í klassískum kraftlyftingum

7.sæti: Júlían J K Jóhannsson í +120 kg flokki karla

Silfurverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J K Jóhannsson í +120 kg flokki karla

12.sæti: Arnhildur Anna Árnadóttir í -72 kg flokki kvenna

12.sæti: Ellen Ýr Jónsdóttir í -84 kg flokki kvenna

13.sæti: Ragnheiður Kr Sigurðardóttir í -57 kg flokki kvenna

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum

Bronsverðlaun samanlagt: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í hnébeygju: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í bekkpressu: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í réttstöðu: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Heimsmeistaramót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum

10.sæti: Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í bekkpressu: Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki unglunga

4.sæti: Ragna Kr Guðbrandsdóttir í -63 kg flokki stúlkna

Evrópumót í klassískri bekkpressu

Silfurverðlaun: Fanney Hauksdóttir í -63 kg flokki kvenna

Evrópumót í kraftlyftingum

4.sæti: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki karla

Gullverðlaun í bekkpressu: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki karla

Gullverðlaun í réttstöðulyftu: Júlían J K Jóhannsson í +120 kg flokki karla

8.sæti: Hulda B Waage í -84 kg flokki kvenna

Gullverðlaun samanlagt: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í hnébeygju: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í bekkpressu: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í réttstöðu: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Bronsverðlaun í bekkpressu: Karl Anton Löve í -93 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í bekkpressu: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Evrópumót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum

6.sæti: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun í réttstöðu: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun samanlagt: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í hnébeygju: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í bekkpressu: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Gullverðlaun í réttstöðu: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Bronsverðlaun í bekkpressu: Karl Anton Löve í -93 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun í bekkpressu: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Evrópumót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum

7.sæti: Arna Ösp Gunnarsdóttir í -63 kg flokki kvenna

Vestur-Evrópumót í kraftlyftingum

4.sæti: Hulda B Waage í -84 kg flokki

Vestur-Evrópumót í klassískum kraftlyftingum

Bronsverðlaun: Ragnheiður Kr Sigurðardóttir í -57 kg flokki

Bronsverðlaun: Viktor Samúelsson í -120 kg flokki

7.sæti: Ellen Ýr Jónsdóttir í -84 kg flokki

7.sæti: Ingvi Örn Friðriksson í -105 kg flokki

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í kraftlyftingum

Gullverðlaun: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Aron Ingi Gautason í -74 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Karl Anton Löve í -93 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Þorsteinn Ægir Óttarsson í -120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Íris Hrönn Garðarsdóttir í -84 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Silfurverðlaun: Íris Hrönn Garðarsdóttir í -84 kg flokki unglunga

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískum kraftlyftingum

Gullverðlaun: Svavar Örn Sigurðsson í -74 kg flokki unglunga

Bronsverðlaun: Muggur Ólafsson í -74 kg flokki unglunga

4.sæti: Arna Ösp Gunnarsdóttir í -63 kg flokki unglunga

4.sæti: Halldór Jens Vilhjálmsson í -105 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Gabríel Arnarson í -66 kg flokki drengja

Bronsverðlaun: Gabríel Ómar Hafsteinsson í -93 kg flokki drengja

4.sæti: Fannar Björnsson í -93 kg flokki drengja

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í bekkpressu

Gullverðlaun: Kara Gautadóttir í -57 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Íris Hrönn Garðarsdóttir í -84 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Aron Ingi Gautason í -74 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Þorsteinn Ægir Óttarsson í -120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Guðfinnur Snær Magnússon í +120 kg flokki unglunga

Gullverðlaun: Sóley Margrét Jónsdóttir í +84 kg flokki stúlkna

Norðurlandamót unglunga og drengja/stúlkna í klassískri bekkpressu

Silfurverðlaun: Svavar Örn Sigurðsson í -74 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Halldór Jens Vilhjálmsson í -120 kg flokki unglunga

Silfurverðlaun: Gabríel Arnarson í -66 kg drengja

Bronsverðlaun: Matthildur Óskarsdóttir í -72 kg flokki unglunga

Alþjóðamet:

Júlían J K Jóhansson bætti heimsmetið í réttstöðulyftu í +120 kg flokki karla

Sóley Margrét Jónsdóttir bætti norðurlandametin í hnébeygju, bekkpressu og samanlögðu í +84 kg flokki stúlkna

VIÐAUKI 3 – FJÁRHAGSÁÆTLUN 2019

Fjárhagsáætlun Kraftlyftingarsambands Íslands fyrir árið 2019.
Lagt fram á ársþingi 23.2.2019.

Rekstur	Raun 2018	Áætlun 2019
Tekjur		
Styrkir frá ríki og ÍSÍ	5.074.364	5.500.000
Lottó	3.504.589	3.600.000
Afreksmannasjóður	14.520.900	15.000.000*
Aðrar tekjur	687.601	2.000.000
Tekjur alls	23.787.454	26.100.000
Gjöld		
Styrkir og þóknanir	7.072.058	9.000.000
Búningar	648.032	500.000
Húsnæðiskostnaður	327.591	350.000
Rekstur áhalda og tækja	176.374	200.00
Akstur	3.977	0
Skrifstofa	405.251	250.000
Laun og launt. Gj.	7.885.540	4.500.000
Ferðir þjálfara, keppanda og dómara á mót og fundi	4.696.539	7.000.000*
Kostnaður v/mótahalds	3.433.290	1.500.000
Mótagjöld	932.239	1.000.000
Hæfileikamótun		3.000.000
Ýmsar skuldir		294.392
Annað	735.077*	700.000
Gjöld alls	26.315.968	28.294.392
Rekstrarafgangur	-2.528.514	-2.194.392
Staða í lok árs	<u>7.055.941</u>	<u>4.861.549</u>

*Hér skiptir miklu máli hversu mikið við fáum frá afrekssjóð og hvort einstaklingar verði að greiða kostnað sjálfir.

VIÐAUKI 4 – TILLAGA STJÓRNAR AÐ NÝJUM LÖGUM

Lagt er til að kraftlyftingagæping samþykki meðfylgjandi lög sem ný lög KRAFT. Í tillöggunni felst að þau komi að öllu leyti í stað laga KRAFT frá 15. apríl 2010, með áorðnum breytingum.

Lög Kraftlyftingasambands Íslands

I. kafli. Almenn ákvæði og hlutverk

1. gr. Heiti og aðsetur

Kraftlyftingasamband Íslands, (KRAFT), er samband héraðssambanda, íþróttabandalaga og íþróttafélaga sem iðka, æfa og keppa í kraftlyftingum innan ÍSÍ. Aðsetur KRAFT og varnarþing skal vera í Reykjavík. Merki KRAFT sýnir lyftingamann með lóð og nafn sambandsins og stofndag. Bókstafir og mynd er í hvítum litum en grunnur rauður.

2. gr. Hlutverk og tilgangur

KRAFT er æðsti aðili kraftlyftinga á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón og yfirstjórn allra íslenskra kraftlyftingamála,
 - b. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu, þar með talið afreksíþrótt, hæfileikamótun yngri íþróttamanna og almenningsíþrótt,
 - c. að vera í forsvari fyrir kraftlyftingar innan vébanda ÍSÍ
 - d. að setja íslenskum kraftlyftingum nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt. e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómara starfa og veita þeim réttindi
 - f. að standa fyrir og úthluta kraftlyftingamótum hvort heldur um er að ræða innlend mót eða erlend, skrá og staðfesta met sem sett eru í samræmi við reglur sambandsins og varðveita úrslit móta,
 - g. að standa vörð um uppeldislegt gildi kraftlyftinga á Íslandi og vinna að framgangi heiðarlegrar keppni í kraftlyftingum,
 - h. að velja einstaklinga í landslið og að tefla fram landsliði og keppendum í alþjóðlegri keppni,
 - i. að koma fram erlendis fyrir hönd kraftlyftinga á Íslandi og sjá um að reglur varðandi kraftlyftingar séu í samræmi við alþjóðareglur,
 - j. að starfa í samræmi við siðareglur, berjast gegn misnotkun lyfja, hagræðingu úrslita í íþróttum og stuðla að því að ekki viðgangist ógnandi hegðun innan vébanda kraftlyftingafélaganna.
 - k. að vinna að öðrum þeim málum sem varða kraftlyftingar og framþróun þeirra á Íslandi
- KRAFT starfar sjálfstætt og er hlutlaust hvað varðar stjórnarmál og trúarbrögð. KRAFT skal gæta jafnréttis og jafnræðis, og skulu allir vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum KRAFT og nefnda á vegum sambandsins. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

3. gr. Aðild KRAFT að samtökum

KRAFT er aðili að:

- a. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, (ÍSÍ)
- b. Alþjóðakraftlyftingasambandinu, (IPF)
- c. Kraftlyftingasambandi Evrópu (EPF)
- d. Kraftlyftingasambandi Norðurlanda (NPF)

KRAFT skal gæta samræmis við reglur og ákvarðanir ÍSÍ og sjá til þess að reglur um kraftlyftingar séu í samræmi við alþjóðareglur. Reglur og ákvarðanir KRAFT eru bindandi fyrir aðila að KRAFT, hvort heldur sem í hlut eiga félög, iðkendur, keppendur, dómara, þjálfara, forystumenn eða aðrir þeir sem starfa eða koma að starfi innan vébanda aðildarfélaga KRAFT.

Komi upp vafatilvik skal ákvörðun stjórnar ætíð byggjast á þeim meginreglum sem fram koma í lögum þessum, reglum ÍSÍ og IPF, og vera kraftlyftingum til framdráttar.

II. kafli. Aðild að KRAFT

4. gr. Réttur til aðildar

Öll félög innan ÍSÍ er æfa, iðka og keppa í kraftlyftingum eru aðilar að KRAFT í gegnum viðkomandi héraðssamband/íþróttabandalag.

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Öll aðildarfélög KRAFT hafa rétt til að taka þátt í mótum sem eru skipulögð á vegum KRAFT. Kraftlyftingar skulu fara fram samkvæmt lögum, reglugerðum og ákvörðunum KRAFT og ÍSÍ, sem og keppnisreglum IPF. Ber aðildarfélögum skilyrðislaus skylda til þess að virða þær reglur í hvívetna. Félag sem tekur þátt í móti á vegum KRAFT ber að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfara, dómara, forystumenn svo og aðrir innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvarðanir

KRAFT, ÍSÍ, IPF og EPF. Félag sem tekur þátt í mótum á vegum KRAFT er skylt að virða ákvarðanir stjórnar KRAFT, nefnda KRAFT og dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar.

Héraðssambönd og íþróttabandalög eru milliliðir milli félaga sinna og KRAFT. Ársskýrslur og ársreikningar aðildarfélaga, héraðssambanda/íþróttabandalaga, skal senda stjórn KRAFT innan eins mánaðar frá afloknum ársfundi/aðalfundi viðkomandi félags/sambands/bandalags.

Aðildarfélög KRAFT skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir lyfjamisnotkun.

Aðildarfélög KRAFT skulu halda bókhald yfir starfsemi sína í samræmi við gildandi lög og reglur um bókhald.

Félög sem eru aðilar að KRAFT skuldbinda sig til þess að vera ekki aðilar að öðru kraftlyftingasambandi eða taka þátt í mótum á vegum annars kraftlyftingasambands nema með sérstöku samþykki KRAFT. Aðildarfélag er brýtur gegn ofangreindum skyldum skal hlíta viðurlögum þeim sem nánar eru ákvörðuð í lögum þessum, lögum um dómstóla ÍSÍ og reglugerð KRAFT.

6. gr. Aðrar skyldur

Aðildarfélög KRAFT, félagsmenn og aðrir innan KRAFT skuldbinda sig til að iðka kraftlyftingar í samræmi við ákvæði þessara laga og reglugerða KRAFT og í samræmi við lög og reglur IPF og EPF. KRAFT og allir félagsmenn, keppendur og starfsmenn skulu án undantekningar hlíta lögum ÍSÍ um lyfjamál. Þeir skulu einnig hlíta reglum IPF og WADA í lyfjamálum og hafa Lyfjæfirlit Íslands og IPF á hverjum tíma skilyrðislausan rétt og aðgang til að lyfjaprófa iðkendur við æfingar og/eða keppni. KRAFT skal virða og uppfylla öll skilyrði sem fram koma í grein 17 í IPF Anti-Doping Rules á hverjum tíma. Ef ekki er samræmi milli þessara laga og reglna WADA eða IPF í lyfjamálum, skulu lög WADA og/eða IPF gilda.

Um úrsögn og brottrekstur vegna brota á lögum og reglum um lyfjamál fer eftir lögum ÍSÍ um lyfjamál.

III. kafli. Skipulag KRAFT

7. gr. Stjórnkerfi KRAFT

Málefnum KRAFT stjórnar:

- a. kraftlyftingabing sem fer með æðsta vald í málefnum KRAFT og setur lög sambandsins.
- b. stjórn KRAFT sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga.
- c. fastanefndir KRAFT sem vinna samkvæmt lögum og reglugerðum KRAFT og starfsreglum sem stjórn KRAFT setur þeim.
- d. sérstakar nefndir sem skipaðar eru af kraftlyftingabingi eða stjórn KRAFT og starfa að afmörkuðum málefnum. Stjórn KRAFT getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.
- e. Starfsmenn og skrifstofa KRAFT sem í umboði stjórnar hafa með höndum daglegan rekstur sambandsins og daglega umsjón verkefna.
- f. íþróttastjóri KRAFT sem hefur í umboði stjórnar yfirumsjón með hæfileikamótun og afreksþjálfun landsliða KRAFT.

Dómstólar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hafa lögsögu um þau mál sem upp kunna að koma innan Kraftlyftingasambands Íslands, sbr. lög ÍSÍ.

IV. kafli. Kraftlyftingabing

8. gr. Boðun

Kraftlyftingabing skal haldið árlega eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Stjórn KRAFT ákveður þingstað og skal boða það með rafrænum hætti með minnst sex vikna fyrirvara (fyrra fundarboð).

Kraftlyftingabingið er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir kraftlyftingabing, skal senda þeim aðilum sem eiga rétt á fulltrúa/fulltrúum á þingið með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Eigi síðar en viku fyrir boðað kraftlyftingabing skal stjórn KRAFT jafnframt kynna aðildarfélögum og sambandsaðilum reikninga sambandsins ásamt fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.

9. gr. Réttur til þingsetu

Kraftlyftingabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum og sambandsaðilum KRAFT.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við fjölda skráðra iðkenda á vegum KRAFT í Felix 1. janúar ar það ár sem kraftlyftingabing er haldið, þannig að:

1. fyrir 5 til 50 iðkendur eru tveir fulltrúar
2. fyrir 50 til 125 iðkendur eru þrjú fulltrúar
3. fyrir 125 til 200 iðkendur eru fjórir fulltrúar
4. fyrir 200 iðkendur eða fleiri eru fimm fulltrúar.

Séu færri en fimm skráðir iðkendur í félagi, skal félag þó hafa rétt til þingsetu og einn fulltrúa hafi einn iðkandi tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á næstliðnu almanaksári, en tvo fulltrúa hafi tveir eða fleiri skráðir iðkendur tekið þátt í keppni á vegum KRAFT á sama tímabili.

Hvert héraðssamband og íþróttabandalag á rétt einum áheyrnarfulltrúa. Fulltrúar þeirra geta með samþykki viðkomandi félags tekið sér einn fulltrúa af þeim fulltrúafjölda sem til héraðsins reiknast. Á kraftlyftingaþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt en þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við KRAFT og hafa skilað ársskýrslu til ÍSÍ og KRAFT. Hver þingfulltrúi fer með eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf, sem gefin eru út af sambandsaðilum á þar til gerðu eyðublaði sem KRAFT sér þeim fyrir. Skulu þau staðfest af kjörbréfanefnd. Stjórnarmaður KRAFT má sitja sem þingfulltrúi síns félags með atkvæðisrétt. Atkvæði eru greidd með þar til gerðum spjöldum sem kjörbréfanefnd afhendir kjörnum fulltrúum sem fara með atkvæðisrétt. Ekki er unnt að greiða atkvæði samkvæmt umboði eða bréfleiðis. Á kraftlyftingaþingi eiga auk kjörinna fulltrúa rétt til þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a. stjórn KRAFT
- b. endurskoðendur reikninga KRAFT
- c. framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d. starfsmaður og íþróttastjóri KRAFT sem og fulltrúar ÍSÍ
- e. fyrrverandi formenn KRAFT
- f. allir nefndarmenn fastanefnda KRAFT
- h. auk þess getur stjórn KRAFT boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til

10. gr. Málefni

Málefni sem aðildarfélög eða sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, svo sem ályktunartillögur, lagabreytingartillögur og tillögur að breytingum á keppnisreglum skulu hafa borist KRAFT minnst fjórum vikum fyrir kraftlyftingaþing.

11. gr. Dagskrá

Störf kraftlyftingaþings eru m.a.:

1. Þingsetning og staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.
Þinggerð síðasta þings lögð fram
2. Kosning þingforseta og varaþingforseta
3. Kosning þingritara og varaþingritara
4. Kosning eftirfarandi nefnda:
 - a. Þriggja manna kjörbréfanefndar
 - b. Þriggja manna fjárhagsnefndar
 - c. Þriggja manna laganefndar
 - d. Þriggja manna allsherjarnefndar
 - e. Þingið getur ákveðið með meirihluta greiddra atkvæða að skipa aðrar nefndir til að fjalla um einstök mál
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram til samþykktar
7. Skýrsla fráfarandi stjórnar kynnt
8. Endurskoðaðir ársreikningar KRAFT lagðir fram.
9. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og reikningar bornir undir atkvæði
10. Fjárhagsáætlun og starfsáætlun stjórnar KRAFT fyrir næsta starfsár lögð fram, rædd og borin undir atkvæði.
11. Tillögur að laga-, reglugerðar- og reglubreytingum, sem og aðrar tillögur
12. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær
13. Ákvörðun um þátttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabils
14. Kosning formanns, stjórnar KRAFT, tveggja skoðunarmanna ársreikninga og tveggja til vara, formanna fastanefnda sambandsins, fulltrúa á næsta reglulega þing ÍSÍ í samræmi við lög ÍSÍ.
15. Önnur mál
16. Þingslit

Stjórn KRAFT skal birta á vef sínum fundargerð ársþings og gildandi lög og reglugerðir sambandsins í síðasta lagi 1. maí ár hvert. Verði eftir því óskað skulu eintök send framkvæmdastjórn ÍSÍ, aðildarfélögum og sambandsaðilum KRAFT.

12. gr. Atkvæðagreiðsla

Kosning á kraftlyftingaraþingi er bindandi og ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða, en í slíku tilviki þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða að falla lagabreytingu til samþykkis. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum og sambandsaðilum. Þó skal óheimilt að afgreiða tillögur um breytingar á lögum þessum sem lagðar eru fram eftir að kraftlyftingaraþing er hafið, nema slíkt sé nauðsynlegt vegna annarra tillagna sem samþykktar hafa verið á þinginu eða fluttar sem breytingartillögur við aðrar tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Þingfulltrúar á kraftlyftingabíngi greiða atkvæði um mál með því að lyfta þar til gerðum spjöldum, sem afhent eru af kjörbréfanefnd. Ef fjórðungur þingfulltrúa óska eftir skriflegri atkvæðagreiðslu skal þingforseti verða við ósk þeirra. Þingforseti getur alltaf ákveðið að atkvæðagreiðsla skuli vera skrifleg. Ákvarðanir sem teknar eru á kraftlyftingabíngi skulu taka gildi strax nema annað sé ákveðið á þínginu.

13. gr. Aukabíng

Aukabíng má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar KRAFT eða helmingur aðildarfélaga og sambandsaðila óskar þess skriflega. Alla boðunar- og tilkynningafresti til aukabíngs má hafa helmingi styttri en til reglulegs þíngs.

Fulltrúar á aukabíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulegu þíngi á undan og gilda sömu kjörbréf. Kjósa má nýjan fulltrúa í stað þess sem er látinn, veikur, fluttur eða forfallaður á annan hátt. Á aukabíngi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn sjö manna, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda reglur um reglulegt kraftlyftingabíng.

V. kafli. Stjórn KRAFT

14. gr. Skipulag stjórnar KRAFT

Stjórn KRAFT skipa:

- a. formaður
- b. varaformaður
- c. ritari
- d. gjaldkeri

og þrjú meðstjórnendur.

15. gr. Kosning stjórnar og formanna fastanefnda KRAFT

Stjórn KRAFT er kosin á kraftlyftingabíngi og hafa allir kjörnir þingfulltrúar atkvæðisrétt. Stjórnina skipa 7 aðalmenn.

Aðeins sá sem er skráður félagi í kraftlyftingafélagi innan KRAFT er kjörgengur.

Á kraftlyftingabíngi skal fyrst kjósa beinni kosningu formann til eins árs, næst skal kjósa 3 stjórnarmenn beinni kosningu til tveggja ára. Formenn fastanefnda KRAFT skulu síðan kosnir til tveggja ára í senn.

Stjórn skal skipa uppstillinganefnd um leið og þíng er boðað.

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar KRAFT skal berast skrifstofu KRAFT minnst fjórum vikum fyrir þíng. Uppstillingarnefnd er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar. Til þess að ná kjöri sem formaður KRAFT þarf meirihluta greiddra atkvæða á kraftlyftingabíngi. Nái einn framboðandi ekki meirihluta ákvæða við fyrstu kosningu skal kjósa á ný, bundinni kosningu, milli þeirra tveggja manna sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða.

Allar kosningar til formanns og stjórnar skulu vera skriflegar. Kosning skal vera bundin við þá sem gefa kost á sér og er atkvæði aðeins gilt ef kosnir eru jafnmargir og kjósa á. Við kosningu á milli annarra en formanns á kraftlyftingabíngi gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Fáí þeir sem eru í kjöri jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Kosið er um hvern stjórnarmann, þ.e. ekki er um listakosningu að ræða. Þeir sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir. Hið sama á við um kosningu formanna fastanefnda KRAFT.

16. gr. Verkaskipting stjórnar KRAFT

Formaður skal boða til stjórnarfunda og stjórna þeim. Stjórn er ályktunarbær ef minnst fjórir stjórnarmenn sækja löglega boðaðan stjórnarfund. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Óski þrjú eða fleiri stjórnarmenn eftir stjórnarfundi skal til hans boðað eigi síðar en 7 dögum eftir að ósk þar að lútandi hefur verið borin fram.

Stjórn KRAFT skal skipta með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum. Á fyrsta stjórnarfundi skal stjórnin skipta með sér verkum þannig að einn stjórnarmaður er varaformaður, annar er gjaldkeri og þriðji er ritari. Stjórn KRAFT setur starfsmanni og íþróttastjóra starfslýsingu. Gjaldkeri KRAFT og formaður fara með prókúru sambandsins en allar meiriháttar skuldbindingar af hálfu KRAFT skulu samþykktar af meirihluta stjórnar. Stjórn getur samþykkt að veita starfsmanni sambandsins prókúru fyrir hönd sambandsins.

17. gr. Starfssvið stjórnar KRAFT

Starfssvið stjórnar KRAFT er:

- a. að hafa yfirumsjón og stjórn allra íslenskra kraftlyftingamála milli kraftlyftingabínga
- b. að framkvæma ályktanir kraftlyftingabíngs, og sjá til þess að lög og reglugerðir KRAFT verði haldnar og að þau séu í samræmi við reglur IPF, EPF, ÍSÍ og WADA
- c. að vinna að eflingu kraftlyftinga í landinu
- d. að bera ábyrgð á fjármálum KRAFT, vinna að öflun fjármuna til að standa undir rekstri sambandsins, og jafnframt að ráða eftir því sem nauðsyn krefur starfsmenn á skrifstofu KRAFT,

íþróttastjóra og eftir atvikum landsliðsþjálfara

d. að annast erlend samskipti, og tilnefna fulltrúa til starfa erlendis eftir því sem við á, eftir atvikum að tillögu fastanefnda KRAFT

e. að setja reglur um kraftlyftingakeppni, sem séu í samræmi við alþjóðareglur

f. að sjá til þess að lög og reglugerðir KRAFT, IPF, EPF, ÍSÍ og WADA sé fylgt

g. að setja og birta aðrar reglur en þær sem lúta að kraftlyftingakeppnum og varða stjórn þeirra og umgjörð á Íslandi.

h. að úthluta þeim styrkjum til kraftlyftinga sem KRAFT fær til umráða

i. að staðfesta Íslandsmet í kraftlyftingum og varðveita úrslit

j. að staðfesta réttindi dómara.

k. að hafa yfirumsjón með og úthluta mótum, innlendum sem erlendum ef við á, að tillögu mótanefndar.

Í þessu felst að ákveða stað og tíma fyrir alþjóðamót sem haldin eru á Íslandi og hafa samráð við framkvæmdastjórn ÍSÍ um ákvörðun á landsmótum og alþjóðamótum sem haldin eru hérlendis

l. að velja einstaklinga í landslið og að tefla fram landsliði og keppendum í alþjóðlegri keppni, að tillögu landsliðsnefndar

m. að staðfesta ákvarðanir heiðursmerkjanefndar um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga

n. að velja kraftlyftingakonu og -karl ársins

o. að skipa uppstillingarnefnd eigi síðar en 6 vikum fyrir ársþing KRAFT, og að standa fyrir formannafundum samkvæmt lögum þessum

p. að skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um kraftlyftingamál, sem lög þessi og/eða reglugerðir KRAFT ná ekki yfir

Stjórn KRAFT lítur eftir því að lög og reglugerðir KRAFT og mótareglur séu haldnar og getur hún vísað brotum til dómstóls ÍSÍ til úrskurðar.

Stjórn KRAFT og allir þeir sem starfa innan sambandsins eða koma fram á vegum þess skulu fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda á hverjum tíma.

Stjórn KRAFT, fastanefndir KRAFT, fulltrúar ÍSÍ þ.m.t. dómstóla ÍSÍ hafa frjálstan aðgang að öllum kraftlyftingamótum sem fram fara innan vébanda KRAFT.

Stjórn KRAFT skal setja á heimasíðu sambandsins www.kraft.is endurrit allra fundargerða stjórnarinnar eða útdrátt úr þeim.

Óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsíðma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til starfa innan KRAFT. Þetta gildir bæði um þá einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar og launþegar.

18. gr. Reglugerðir og reglur

Stjórn KRAFT setur nauðsynlegar reglugerðir og reglur um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða og nýrra reglna.

Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KRAFT. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu KRAFT.

Óski aðildarfélög eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum og rökstuðningi með þeim beint til stjórnar KRAFT með skriflegum hætti.

VI. kafli. Nefndir KRAFT

19. gr. Fastanefndir

Eftirfarandi fastanefndir starfa innan KRAFT

a. dómaranefnd

b. heiðursmerkjanefnd

c. laganeftnd

d. landsliðsnefnd / afreksnefnd

e. mótanefnd

Stjórninni er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Kraftlyftingagæing getur skipað sérstakar tímabundnar nefndir sem starfa á milli kraftlyftingagæinga til að fjalla um málefni sem nánar eru ákvörðuð á þinginu.

Stjórn KRAFT skipar tvo nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda. Aðeins þeir sem eru skráðir félagar í kraftlyftingafélagi innan KRAFT geta setið í nefndum

Formenn nefnda boða fundi og stýra þeim. Nefndir KRAFT eru stjórn KRAFT til ráðgjafar og starfa í umboði hennar og samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Þær hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald eða geta skuldbundið sambandið fjárhagslega.

Birta skal fundargerðir nefnda á heimasíðu KRAFT innan viku frá staðfestingu stjórnar.

Fastanefndir starfa í umboði stjórnar KRAFT samkvæmt lögum og reglugerðum sambandsins. Stjórn KRAFT skal setja nefndum nauðsynlegar starfsreglur. Fastanefndir hafa ekki sérstakan fjárhag.

20. gr. Dómaranefnd

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum KRAFT, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara og eftirlitsmanna á mót á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu kraftlyftingkeppnisreglnanna á íslensku. Dómaranefnd skal að jafnaði vera skipuð reynslumiklum dómurum. Dómaranefnd gerir tillögu um þau dómaraefni sem hún telur hafa náð nægri færni og reynslu til að þreyta próf til að verða alþjóðlegir dómara.

21. gr. Heiðursmerkjanefnd

Heiðursmerkjanefnd gerir tillögu um veitingu heiðursmerkja á vegum KRAFT. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum KRAFT og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

22. gr. Laganefnd

Laganefnd er stjórn KRAFT til ráðgjafar um lög og reglugerðir sambandsins. Nefndin getur að beiðni stjórnar KRAFT gefið álit sitt á tillögum til lagabreytinga sem berast nægilega tímanlega fyrir kraftlyftingahöfing og þar með hvort þær séu rétt fram bornar og uppfylli kröfur til þinglegrar afgreiðslu.

23. gr. Landsliðsnefnd / afreksnefnd

Landsliðsnefnd hefur umsjón með landsliðum og vinnur að stefnumótun afreksmála fyrir hönd KRAFT í nánú samráði við íþróttastjóra. Nefndin hefur einnig yfirumsjón með þátttöku viðkomandi einstaklinga og liða í alþjóðakeppni. Hún skal einnig sjá um alla búninga KRAFT þ.e. keppnisbúnað, æfingabúnað og annan fatnað á vegum KRAFT.

24. gr. Mótanefnd

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála KRAFT þar með talið skipulag Íslandsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd þeirra.

VII. kafli. formannafundir KRAFT

26. gr. Formannafundir

Stjórn KRAFT boðar til formannafunda árlega. Að öllu jöfnu skal halda fundinn í október eða nóvember. Fundinn skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara og dagskrárliðir kynntir eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund.

Skylt er að boðaður til formannafundar ef a.m.k. helmingur formanna óskar þess skriflega, t.d. í tölvupósti. Formannafundur er ráðgefandi samkoma og hann sækja formenn aðildarfélaganna KRAFT. Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi stjórnar.

Auk þeirra skulu eiga rétt til setu á formannafundi, með málfrelsi og tillögurétti, stjórnarmenn og starfsmenn KRAFT, fulltrúar allra nefnda sambandsins og fulltrúar KRAFT í stjórnnum og nefndum utan sambandsins innan lands sem utan. Að auki getur formaður eða stjórn KRAFT boðið öðrum aðilum að sækja formannafundi ef hún telur ástæðu til.

Dagskrá formannafundar skal vera eftirfarandi:

- a fundarsetning
- b kosning fundarstjóra og fundarritara
- c mál sem stjórn KRAFT leggur fyrir formannafund hverju sinni. Meðal þeirra mála sem stjórn KRAFT skal leggja fyrir formannafund til umsagnar er afreksstefna KRAFT og fyrirhugaðar breytingar á reglum og reglugerðum sambandsins.
- d önnur mál
- e fundarslit.

VIII. kafli. Skrifstofa KRAFT

27. gr. Starfsmaður

Stjórn KRAFT getur ráðið starfsmann á skrifstofu sambandsins. Samið skal sérstaklega um störf hans, en stjórn er heimilt að fela honum með samning ábyrgð á rekstri skrifstofu og starfsmannahaldi KRAFT.

IX. kafli. Reikningar

28. gr. Reikningsárið

Reikningsár KRAFT er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Reikningar KRAFT skulu undirritaðir af meiri hluta stjórnar. Skoðunarmenn KRAFT skulu vera sjálfstæðir og óháðir. Reikningar KRAFT skulu áritaðir af kjörnum skoðunarmönnum.

X. kafli. Ýmis ákvæði

29. gr. Réttindi

KRAFT og aðildarfélög innan KRAFT eru eigendur alls réttar sem tengist mótahaldi KRAFT og/eða öðrum viðburðum skipulögðum af sambandinu. Þessi réttur nær m.a. til hvers kyns fjárhagslegra réttinda, upptöku og útsendingaréttinda af öllu tagi, (t.d. í sjónvarpi, útvarpi, á internetinu og í síma),

markaðsréttinda, kynninga og höfundarréttar. Stjórn KRAFT getur sett nauðsynlegar reglur um nýtingu þessara réttinda.

30. gr. Heiðursformaður

Kraftlyftingaping má kjósa heiðursformann KRAFT ef 4/5 mættra þingfulltrúa samþykkja kjörið. Heiðursformenn KRAFT hafa rétt til setu á kraftlyftingapingum og hafa þar málfrelsi. Heiðursformenn KRAFT koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

31. gr. Um meðferð deilumála

Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan kraftlyftingahreyfingarinnar. Stjórn KRAFT getur þó úrskurðað í málum er varða reglugerð KRAFT um kraftlyftingakeppni og keppnisreglur IPF í kraftlyftingum. Skal þá farið eftir reglum KRAFT og IPF, eftir því sem við á. Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísa til dómstóls ÍSÍ.

32. gr. Vanhæfi

Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðastöðum innan sambandsins ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

33. gr. Sambandsslit

Til að KRAFT sé lagt niður þurfa tvö lögmæt kraftlyftingarþing að samþykkja slíka tillögu.

Tillögu um að leggja KRAFT niður má aðeins taka fyrir á lögmætu kraftlyftingapingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og skal tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega kraftlyftingarþings.

Með fulltrúakjöri sínu til þessa þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar frá fyrra þingi. Verði tillagan samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KRAFT niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa eigi eignum KRAFT. Þeim má aðeins verja til eflingar kraftlyftingaíþróttarinnar í landinu.

34. gr. Gildissvið gagnvart öðrum lögum

Ef ekki er samræmi á milli laga þessara og laga ÍSÍ, IPF eða WADA skulu lög ÍSÍ, IPF eða WADA gilda eftir því sem við á.

35. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi strax eftir samþykki þeirra á kraftlyftingarþingi